



## Tónmennt 3. bekkur

| Hæfniviðmið  | Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari   | Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi  | Námsmat   |
|--|---|--|---|
| <p><b>Við lok 3. bekkjar getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt og greint í sundur strengjahljóðfæri, blásturshljóðfæri og slagverkshljóðfæri</li> <li>• beitt rödd sinni í einradda samsöng</li> <li>• leikið einfaldan hryn eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri</li> <li>• tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk</li> <li>• rætt tónlist út frá smekk og upplifun</li> <li>• þekkt og gert grein fyrir hugtökunum hratt/hægt, sterkt/veikt og hátt/djúpt í tónlist</li> <li>• unnið einföld verkefni í hópi</li> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt</li> <li>• gengið frá eftir vinnu sína</li> <li>• lagt mat á eigin verk</li> </ul> | <p>Stutt hugleiðsla með tónaskál sem eflir hlustun og einbeitingu.</p> <p>Sýnikennsla (söngur, hljóðfæraleikur og dans).</p> <p>Textarýni og ýmis skrifleg verkefni.</p> <p>Einstaklingsmiðuð leiðsögn.</p> <p>Spilun hljóðdæma.</p> <p>Notkun forrita og tölvuleikja sem efla þekkingu á tónlist.</p> <p>Leikir sem efla taktskyn, hlustun og félagsfærni.</p> <p>Hreyfileikir og dansar.</p> <p>Samstarf við bekkjarkennara og sérgreinakennara .</p> | <p>Hlustun og einbeiting.</p> <p>Virk þátttaka í verkefnum.</p> <p>Sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>Temja sér góða umgengni við hljóðfæri og önnur námsgögn.</p> <p>Sýna öðrum virðingu og tillitssemi.</p> | <p><b>Frammistöðumat</b></p> <p>Merkt er við í lok hvernar kennslustundar hvernig nemandi hefur staðið sig. Þættir sem metnir eru: virkni, verkfærni og umgengni. Í lok námskeiðs fær nemandi umsögn sem byggist á frammistöðu og námsviðleitni nemandans.</p> <p><b>Leiðsagnarmat</b></p> <p>Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennara í þeim tilgangi að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skuli stefna.</p> <p><b>Hæfnimiðað mat</b></p> <p>Þar sem merkt er við hversu vel nemandi nær tökum á tækni greinarinnar. Gefin er umsögn í lok tímabils.</p> |